



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Flutningur heimaþjónustu Vesturmiðstöðvar í Norðurmiðstöð

Lagt er til að þegar verði hafinn undirbúningur að flutningi heimaþjónustu Vesturmiðstöðvar til Norðurmiðstöðvar með það markmið að sameina heimaþjónustu þessara tveggja miðstöðva.

Kostnaður vegna tillögunnar rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs og þjónustusamnings Reykjavíkurborgar við Sjúkratryggingar Íslands.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg hefur allt frá árinu 2009 rekið samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu í heimahúsum með þjónustusamningi ásamt kröfulýsingu við Sjúkratryggingar Íslands. Þjónustan hefur verið veitt frá þremur þjónustumiðstöðvum, Vestur-, Norður- og Austurmiðstöð og hefur þetta fyrirkomulag gefist vel lengst af. Hins vegar hefur á síðustu árum myndast alvarlegur mönnunarvandi heilbrigðisstarfsmanna, einkum á Vesturmiðstöð, sem nú ógnar öryggi og samningsbundinni framkvæmd heimahjúkrunar í borginni. Alls voru árið 2024, 2.857 notendur heimahjúkrunar og af þeim voru 56% líka með heimastuðning. Um 40% notenda heimahjúkrunar tilheyra Norðurmiðstöð, um 35% Austurmiðstöð og rúmlega 20% Vesturmiðstöð.

Tillagan snýr að því að bregðast við viðvarandi og vaxandi mönnunarvanda á Vesturmiðstöð sem gerir það ógerlegt að halda áfram öruggri og samningsbundinni heimahjúkrun þáðan. Því er lagt er til að þjónustan verði flutt undir Norðurmiðstöð í því skyni að tryggja öryggi, samfellu og fagleg gæði þjónustunnar. Með sameiningu þjónustunnar er stefnt að því að nýta mannafla og faglegt bakland sem best, án þess að skerða þjónustu við borgarbúa.

Ljóst er að örugg og góð sólarhrings heimaþjónusta alla daga ársins, þar sem sérhæfð teymi styðja við almenna þjónustu, krefst stærri einingar, jafnvel einnar sameinaðrar heimaþjónustueiningar fyrir alla Reykjavík.

Undanfarin misseri hefur mönnunarvandi á Vesturmiðstöð verið mjög alvarlegur en sérstaklega hefur verið skortur á hjúkrunarfræðingum og stjórnendum, og hefur staðan leitt til mikils álags, aukinnar yfirvinnu og skerðingar á getu til að sinna mikilvægum



þáttum þjónustunnar. Mikil starfsmannavelta hefur verið í stjórnendateymum og hefur ekki tekist að manna lausar stöður þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og ráðningartilraunir.

Veikindahlutfall fyrstu mánuði ársins mælist hátt, eða 9,88%. Álag og skortur á starfsfólki eru farin að hafa bein áhrif á gæði þjónustunnar m.a. varðandi meðferð mála, innra eftirlit og fræðsla hefur ekki fengið það rými sem nauðsynlegt er.

Margar tilraunir hafa verið gerðar til að styrkja stöðu þjónustunnar í Vesturmiðstöð. Meðal annars hefur verið ráðist í auglýsingar, endurskoðun starfslýsinga og styrkingu stjórnenda með stuðningi frá öðrum fagstéttum. Þrátt fyrir þetta hefur ekki tekist að tryggja nauðsynlega mönnun og rekstraröryggi. Mikil vinna hefur verið innan Vesturmiðstöðvar og skrifstofu öldrunarmála síðustu ár til að greina vanda og finna lausnir og telja aðilar að slíkt sé fullreynt.

Af ofangreindum ástæðum er ljóst að erfitt mun reynast að halda uppi samningsbundinni heimahjúkrun frá Vesturmiðstöð frá og með haustinu 2025. Þjónustan er of smá í sniðum til að standa undir öruggri þjónustu allan sólarhringinn árið um kring þegar skortur á heilbrigðisstarfsmönnum er með þessum hætti. Einnig hefur orðið veruleg aukning í fjölda notenda með flóknar og sértækar þjónustubarfir, sem krefst meiri sérhæfingar og sterkari faglegra innviða.

Tillagan sem hér er lögð fram hefur það að markmiði að tryggja samfellu og öryggi þjónustunnar og fellst í að;

1. Heimapjónusta Vesturmiðstöðvar verði sameinuð Norðurmiðstöð. Þetta gerir kleift að sameina teymi og dreifa mannafla á hagkvæmari hátt, þannig að nægjanlegur fjöldi hjúkrunarfræðinga sé í hverju hverfi.
2. Framkvæmdastjóri Norðurmiðstöðvar taki yfir þjónustu fyrir mið- og vesturhluta borgarinnar, til að tryggja stjórn og samhæfingu.
3. Deildarstjóri heimapjónustu Norðurmiðstöðvar fær stækkað starfssvið og viðbótarmanauð, eða alls 85,3 stöðugildi, til viðbótar við þau 164 sem þegar tilheyra heimapjónustu Norðurmiðstöðvar.
4. Stöðugildi deildarstjóra við Vesturmiðstöð flyst á Norðurmiðstöð sem stöðugildi deildarstjóra yfir alla þjónustuíbúðakjarna Reykjavíkurborgar. Með þessu er létt á starfssviði deildarstjóra heimapjónustu Norðurmiðstöðvar og tækifæri gefst til að endurskipuleggja þjónustu þjónustuíbúðakjarna með hliðsjón af markhópum. Þannig sameinast þjónustuíbúðakjarnar undir eina stjórn hjá Norðurmiðstöð.

Með því að sameina heimapjónustu Vesturmiðstöðvar og Norðurmiðstöðvar verður áfram hægt að uppfylla skilyrði gildandi samnings. Að öðrum kosti þyrfti að upplýsa Sjúkratryggingar Íslands og heilbrigðisráðuneytið um að ekki sé lengur unnt að veita þjónustuna. Ekki er unnt að skila einungis hluta þjónustunnar, svo hugsanlegt rekstrarrof kallar á heildaruppsögn samningsins.

Breytingin er hugsuð sem fyrsta skref til að tryggja öryggi og faglega heild í þjónustu heimahjúkrunar til framtíðar. Hún er ekki endanleg niðurstaða en þó skref í átt að



nauðsynlegu framtíðarfyrirkomulagi heimaþjónustu. Þjónustan verður áfram veitt í heimahúsum, og notendur verða ekki varir við breytingar á daglegri umönnun. Áhersla verður lögð á áframhaldandi þróun heildarstefnu í samþættri heimaþjónustu í borginni og metið verður hvernig breytingin hefur áhrif á þjónustuöryggi og líðan starfsfólks. Markmiðið er skýrt: Að tryggja að borgarbúar fái þá heilbrigðisþjónustu sem þeir eiga rétt á í heimahúsi, án þjónusturofs.

Kostnaðarmat

Gert er ráð fyrir að sérstakur breytingastjóri verði fenginn til að halda utan um breytingar ásamt stjórnendum og breytingarnar rúmist innan fjárhagsramma velferðarsviðs og samnings Reykjavíkurborgar við Sjúkratryggingar Íslands.